

Föstudaginn 26. nóvember 1993.

Nr. 477/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Ingu Árnadóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1993, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Allmargir menn hafa setið í gæsluvarðhaldi í tengslum við rannsókn ávana- og fíkniefnadeildar embættis lögreglustjórans í Reykjavík vegna grunar um umfangsmikið fíkniefnamisferli. Samkvæmt gögnum málsins hafa tveir þeirra borið á varnaraðila að hafa í febrúar 1992 flutt hass og amfetamín til landsins frá Lúxemborg. Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa komið frá Lúxemborg á þeim tíma, en neitað því að hafa flutt fíkniefni til landsins. Eru nú liðin hartnær tvö ár frá þessari utanför varnaraðila. Eigi verður séð, að hún sé talin tengjast máli þessu að öðru leyti. Þegar litið er til þess og þeirra aðgerða, sem lögregla telur þörf á, verður eigi talið, að rannsóknarhagsmunir séu slíkir, að brýn þörf sé á því nú, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Ingu Árnadóttur, kt. 270258-6709, með lögheimili að Flóðengi 16, Reykjavík, verði gert að

sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 6. desember nk. vegna grunar um brot gegn l. nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986 um sölu ávana- og fíkniefna.

Kærða er grunuð um aðild að umfangsmiklu fíkniefnamisferli, sem hefur sætt rannsókn frá júlilokum sl., þar sem m. a. koma við sögu máгур kærðu, Halldór Margeir Ólafsson, Helgi Ólafsson og Jóhann Tómas Zim-sen. Helgi og Jóhann Tómas hafa báðir borið fyrir lögreglu, að kærða hafi borið fíkniefni til landsins frá Lúxemborg í febrúar 1992 að undirlagi mágs hennar, Halldórs Margeirs. Kom þetta fyrst fram í framburði Jóhanns Tómasar hjá lögreglu 19. nóvember sl., en Helgi bar um aðild kærðu við sampröfun hans og Jóhanns Tómasar hjá lögreglu 20. nóvember sl. Kærða hefur neitað sökum í máli þessu, en hefur viðurkennt að hafa farið til Lúxemborgar í febrúar 1992 ásamt fyrrverandi eiginmanni sínum, Sigurði Pálmasyni. Þá hefur kærða viðurkennt, að hún þekki Helga Ólafsson, en Jóhann Tómas hins vegar lítið sem ekki.

Rökstuddur grunur er um, að kærða hafi framið brot það, sem hún er sökuð um. Brot þetta getur varðað kærðu fangelsisrefsingu lögum sam-kvæmt. Rannsókn málsins er á frumstigi, og er eftir að hafa upp á og yfir-heyra Halldór Margeir Ólafsson um þennan þátt málsins svo og fyrrverandi eiginmann kærðu. Einnig er eftir að rannsaka gjaldeyrisúttektir og kaup kærðu á flugfarseðlum með tilliti til þess, að hugsanlegt sé, að kærða hafi farið oftast utan í þessu skyni. Tæp tvö ár eru liðin, frá því að umræddur fíkniefnainnflutningur á að hafa farið fram. Þrátt fyrir það verður að telja, að kærða geti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka eða afmá merki eftir brot, fari hún frjáls ferða sinna nú. Þykir því verða að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald á hendur kærðu til greina. Þó þykir nægjanlegt, að kærða sæti gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 þriðjudaginn 30. nóvember nk.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Inga Árnadóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 30. nóvember 1993 kl. 16.00.